

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 16. janúar 2023
UST202202-324/G.S.O.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 6. desember 2022 þar sem kom fram að eitt frávik hefði verið skráð í eftirliti á urðunarstað Norðurþings á Kópaskeri. Þann 13. janúar 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksá, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningum vegna ársins 2021 hefur ekki verið skilað. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið ráðinn nýr starfsmaður sem mun sjá um skráningarnar.**

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að skráningum skal skila fyrir 1. maí ár hvert.

Fallist er á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur